

Grunnskóli Önundarfjarðar

Ársskýrsla skólaárið 2023-2024



Kristbjörg Sunna Reynisdóttir

31. júlí 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	3
Starfsmarkmið Grunnskóla Önundarfjarðar	13
Mat á hvernig tókst að vinna með starfsmarkmiðin:	14
Stefnur og áætlanir	15
Skipting nemenda	17
Starfsmenn og stöðugildi	17
Forföll starfsfólks	18
Forföll nemenda	18
Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag	18
Samstarf leik og grunnskóla	19
Sjálfsmat	19
Fjárhagsáætlun	19
Framkvæmdir	19

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf Grunnskóla Öfundarfjarðr skólaárið 2023– 2024.

Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum sem settar voru. Í skýrslunni eru ítarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri. Farið er yfir starfsmannamál, fjölda og stöðugildi. Upplýsingar um forföll nemenda og starfsfólks koma ekki fram í skýrslunni vegna fámennis. Skýrslan inniheldur einnig upplýsingar um kennslustundaúthlutun.

Grunnskólinn stendur í norðvestur hluta þorpsins og eru rúmir 700 fermetrar á tveimur hæðum. Húsið var tekið í notkun árið 1961. Þar örskammt frá er íþróttahús með sundlaug og fyrir utan skólann eru leikvöllur, körfuboltavöllur, sparkvöllur og steipt plan fyrir skautasvell. Skólahald hófst á Flateyri árið 1903 að Grundarstíg 14 og voru 25 nemendur í skólanum fyrsta skólaárið 1903-1904. Árgangar voru þá fjórir og var þeim kennt í tveimur hópum. Á þessum tíma bjuggu um 200 manns á Flateyri. Í upphafi skólaárs 2023-2024 voru 11 nemendur í skólanum, einn í 1. bekk, fjórir í 2. bekk, einn í 3. bekk, einn í 4. bekk, einn í 5. bekk, 2 í 7. bekk og einn í 8. bekk. Kennt var í tveimur hópum, 1.-3. bekk og 4.-8. bekk.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir. skólastjóri

Skýrsla um skólahald

Í vetur var starfshlutfall kennara 2,35. Tveir kennarar voru í 100% starfi auk eins leiðbeinanda í 35% stafi. Skólaliði er í 62% starfi og í upphafi skólaárs var starfandi stuðningsfulltrúi í 62% starf. Skólastjóri er einnig með kennsluskyldu og var með 9 kennslutundir festar í stundaskrá þetta skólaár auk þess að sinna forfallakennslu. Dægradvöl er starfrækt eftir skóla og var hún nýtt af öllum nemendum 1.-3. bekkjar en er einnig í boði fyrir nemendur í 4. bekk.

Skólinn var settur á sal klukkan 10 að morgni mánudags 21. ágúst. Umsjónarkennarar kynntu síðan vetrarstarfið fyrir foreldrum og nemendum og voru einstaklingsviðtöl einnig í boði að kynningarfundum loknum.

Ýmislegt var gert á haustdögum og var meðal annars okkar árlegi göngudagur haldinn og var hann að þessu sinni nýttur í berjamó í skógræktinni. Margir fóru fjöruna á heimleiðinni og sáu þar margt merkilegt. Tveir nemendur fóru ásamt starfsmanni í skólabúðir UMFÍ á Reykjum í Hrútafirði í lok ágúst. Komu þeir alsælir til baka búnir að kynna fjölda jafnaldra af Vestfjörðum. Einn nemandi fór í fermingarbúðir í Vatnaskógi.

Í september var Barnameningarhátíðin Púkinn haldin á Vestfjörðum og setti hún svip á skólasterfið hjá okkur þær tvær vikur sem hún stóð yfir. Nemendur miðstigs voru fjóra skóladaga á Þingeyri og Hrafnseyri og unnu þar að verkefninu Krakkaveldi sem snerist um að hanna Barnabæinn. Það voru nemendur miðstigs á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri sem unnu þetta verkefni saman. Verkefninu lauk með sviðslistaverki á Hrafnseyri og fengu gestir þar að sjá svar við spurningunni „Hvernig væri heimurinn ef börnin réðu öllu“. Yfirskrift Púkans var sögur og skrifuð nemendur minningu frá sumrinu og voru sögurnar sendar í safn mynda og minninga en héngu einning í gluggum skólans fyrir gesti og gangandi. Einnig unnum við stórt örnefnaverkefni og skrifuðum frétt um það sem birt var í B.B. Verkefnið hófst með umræðum um orðið „örnefni“ og leiddi okkur síðan áfram í ýmsar áttir. Forþekking nemenda var könnuð og örnefni sem þau þekktu skráð niður á hugtakakort. Farið var í gönguferð upp á ústsýnispall og skífan skoðuð gaumgæfilega og staðir miðaðir út frá henni. Við þá skoðun komumst við að því að það þarf að rétta skífuna af því við lentum ekki alltaf á réttum stað miðað við nafn á skífunni. Í framhaldi af þeirri göngu vorum við svo heppin að fá áhugasaman heimamann, Gumba, með okkur í gönguferð en hann er sérleg fróður um örnefni í Önundarfirði.

Einnig voru skoðaðar loftmyndir og kort af firðinum. Nemendur segjast hafa lært ný örnefni í þessari vinnu og einnig kunnað nokkur áður en vinnan hófst. Að vinnunni lokinni tóku yngri nemendurnir örnefnakort sem þeir gerðu með sér heim til að bjóða fjölskyldunni í örnefnaferð. Kort eldri nemendanna voru hengd upp í skólanum ásamt myndum.

Við fengum heimsókn frá List fyrir alla og var það Listasmiðjan Svakalegar sögur undir stjórn Evu Rúar Þorgeirsdóttur og Blævar Guðmundsdóttur sem varð fyrir valinu. Tilgangur smiðjunnar var að sýna fram á hvernig allir geta fengi hugmyndir og búið til sögur og hvers vegna það er svakalega mikilvægt að æfa ímyndunaraflid.

Lokahátíð Púkans var haldin í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og í Bolungarvík og fórum við í Edinborgarhúsið og áttum meðal annars einn fulltrúa meðal kynna hátíðarinnar.

Samtökin Amnesty International komu í heimsókn með fræðslu fyrir eldri hópinn okkar.

Við tókum öll þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ, bæði starfsfólk og nemendur og stóðum okkur öll með stakri þrygð. Árangur nemenda var skráður og lögðu þau samanlagt 35 kílómetra að baki. Að hlaupi loknu fengu allir bleikan drykk hlaðinn orku úr ávöxtum og einnig vorum við svo heppin að yngra stigið var búið að vinna sér inn poppveislu og bauð öllum að vera með.

Nóvember fékk nafnið Lesember hjá okkur þar sem við fórum í lestrarátak. Pantaðar voru nýjar bækur og meðal annarra var þar bók eftir heimamanneskjuna Helen Cova, Svona tala ég. Tekinn var lestrarsprettur þar sem sami textinn var lesinn aftur og aftur og tíminn tekinn til að sjá hvað hægt er að bæta hraðann með endurtekningunni. 100 algengustu orðin hanga alltaf á veggnum í stigaganginum og hafa nemendur gaman að því að sjá hvað hægt er að vera snöggur að lesa þau. Markmiðið er að læra að þekkja þau og gera að sjónrænum orðaforða, þ.e. orð sem við þurfum bara að sjá til að lesa þau en ekki hljóða okkur í gegnum. Einnig var unnið með lesskilning og æfðu nemendur sig í að svara spurningum úr texta sem þeir lásu. Til að auka orðaforða voru safarík orð tekin út úr texta og merking þeirra krufin. Safaríkum orðum var einnig safnað á tússtöflu í anddyri skólans og bættist hratt á hana. Nýyrði Jónasar Hallgrímssonar voru skoðuð og spáð í hvernig ný orð verða til og búið var til orð á hluti sem við eigum ekki orð yfir. Leitað var að upplýsingum um rithöfunda því það skiptir miklu máli að þekkja góða rithöfunda til að auðvelda val á næstu bók til að lesa. Ritun átti einnig stóran þátt í Lesember og voru allskonar sögur skrifaðar.

Við héldum nemendapöng í skólanum í tilefni af Degi mannréttinda barna sem er 20. nóvember ár hvert. Þetta er í fyrsta sinn sem við sem nú störfum við skólann höldum nemendapöng en áður höfum við farið með nemendur á stórt nemendapöng sem haldið var af Ísafjarðarbæ og einnig tókum við þátt í

einu nemendapingi á Suðureyri. Yfirskrift nemendapingsins okkar var Umburðarlyndi. Vinnan á þinginu var í formi hópavinnu og voru kennarar ritarar í hópunum. Eftirfarandi spurningum var svarað á þinginu:

1. Af hverju skiptir máli að líða vel í skólanum?

- a) Hvað geta nemendur gert svo öllum líði vel í skólanum
- b) Hvað getur starfsfólk gert svo öllum líði vel í skólanum?

2. Af hverju er umburðarlyndi mikilvægt í skólanum?

3. Hvernig myndar maður (býr maður til) jákvæða stemningu í skólastofunni?

Nemendapingið gekk mjög vel og var gaman að sjá og heyra að öll tóku þátt í umræðunni. Þegar börnin voru spurð hver tilgangurinn væri með nemendapingi, stóð ekki á svari: Til þess að raddir barna fái að heyrast.

Þegar búið var að fara hringinn og allir hópar höfðu svarað spurningunum var tekin umræða um skólasáttmálann okkar og settar niður á blað hugmyndir að því hvað þau vilja að sé í skólasáttmála og hvaða gildi er mikilvægt að endurspegli hann. Gildi Grunnskóla Öfundarfjarðar eru gleði, virðing, metnaður og ábyrgð.

Jólafrí hófst 19. desember að loknum litlu jólum. Starfsdagur var 3. janúar og hófst kennsla fimmtudaginn 4. janúar. Föstudaginn 5. var skólastarfið brotið í tilefni af því að okkar kæri Sigurður Hafberg hefði orðið 65 ára þann dag. Var farið að leiði hans með taflborð og veitingar og tefldar nokkrar skákir. Síðan var farið á skauta á Siggasvelli.

Björgunarsveitin Sæbjörg bauð okkur að koma og skoða og fræðast um björgunarskipið Stellu á 112 deginum sem haldinn er 11. febrúar ár hvert.

Foreldraviðtöl voru í upphafi febrúar, vetrarfrí 15. -16 og starfsdagur 19. febrúar.

Við steingleymdum því að það væri til rímispillísar og þjófstörtuðum því Þorra 19. janúar með okkar þorrablóti viku fyrir Bóndadag. Farið var í allskonar gamla leiki og snæddur þorramatur. Á Öskudaginn eru hefðirnar hjá okkur að búa til Öskupoka í byrjun dags og taka þá svo með út í bæ þegar við förum og syngjum fyrir þau sem hafa ákveðið að taka á móti okkur með góðgæti.

Vetrarmánuðirnir voru okkur hliðhollir með snjó og frost og erum við svo heppin að hafa Siggasvell alveg við skólann og geta nýtt það í námi og frímínútum. Íþróttafélagið Grettir hefur einnig aukið við gönguskíða eignina og núna höfum við skíði og skó fyrir alla nemendur en áður vorum við með fyrir yngri nemendurna. Það var því tilvalið að grípa góðan dag og fara með allan hópinn upp í Seljalandsdal á gönguskíði. Að fara á gönguskíði er svo frábær alhliða hreyfing. Stundum þarf að erfiða við að komast áfram og stundum rennur maður áfram áreynslulaust en alltaf þarf að einbeita sér að jafnvæginu.



Frábær dagur sem gaf okkur gleði, vellíðan, góða hreyfingu, seiglu æfingu og aukið sjálfstraust. Undanúrslit Stóru upplestrarkeppninnar fóru fram í G.Ö. í mars. Það voru 7. bekkingar frá Suðureyri, Þingeyri og Flateyri sem spreyttu sig á lestri úr bókinni Kennarinn sem hvarf eftir Bergrúnu Írisi, ljóði eftir Kristján frá Djúpalæk og loks ljóði að eigin vali. Öll stóðu þau sig með stakri þryði en eftir mikla yfirlegu dómnefndar sem skipað var Steinunni Ásu, Sigríði Júlíu og Erlu Margréti stóðu tveir verðugir fulltrúar eftir sem fóru áfram í Stóru upplestrarkeppnina sem haldin var á Þingeyri 11. apríl. Miðvikudaginn 20. mars tókst okkur að halda árshátíðina okkar á milli vetrarlægða sem settur strik í reikninginn þá vikuna. Tókst hátíðin frábærlega vel. Leikritið Draugalega fótboltaferðalagið sem samið var af nemanda í 2. bekk með aðstoð nemanda 4. bekkjar var sýnt. Allir nemendur yngsta stigs léku eða sáu um að allt gengi upp á sviðinu en fengu einnig eldri nemendurnar til að taka að sér hlutverk. Yngri nemendurnir sýndu einnig myndband sem sýndi hefðir og helgidaga sem þau hafa verið að læra um í vetur og fengu gesti til að giska á hvað væri um að ræða hverju sinni. Eldri nemendurnir gerðu grín að starfsfólki í myndbandi, léku þabba sína segja þabbabrandara á sviðinu, sáu um kynningu og leiki. Foreldrafélagið hélt uppteknum hætti og sá um að borð svignuðu af girnilegum veitingum.

Skólahald féll aldrei niður vegna veður þennan veturinn en í síðustu viku fyrir páska var það tæpt vegna appelsínugulu viðvarananna. Á mánudegi og fimmtudegi fyrir páskafrí var appelsínugul viðvörun vegna veðurs sem hafði ekki teljandi áhrif á skólastarf fyrri daginn en á fimmtudeginum var veðrið heldur verra og meiri snjór búinn að safnast fyrir svo þau fáu sem mættu nutu öðruvísi skóladags þar sem gengið var frá eftir árhátíð, mikið var spilað og horft á mynd. Á föstudegi 22. mars voru svo öll mætt á ný og var lesið, skrifuð ævintýri, fönbrað páskaskraut, leitað að páskaeggjum um skólann og málshættirnir lesnir. Síðan var haldið í páskafrí sem stóð til 2. apríl.

Það var frekar óvanalegt að loksins þegar búíð er að koma Barnamenningarhátíð Vestfjarða á þá voru tvær slíkar á skólaárinu. Sú seinni fékk yfirskriftina „Hvers vegna búum við hér“. Ákvörðun um hvernig verkefni við vildum vinna í vikunni var tekin með nemendum. Niðurstaðan var að gera myndband með viðtölum. Síðan voru samdar spurningar sem við vildum fá svör við. Reynt var að finna ólíka viðmælendur, úr Grunnskóla Öndarfjarðar, úr Lýðskólanum, úr fjölskyldum nemenda og aðra úr samfélaginu okkar.

Eitt af því sem þarf að gera reglulega er að æfa rýmingu skólans og var það gert í samvinnu við slökkviliðsmenn á Flateyri þann 6. maí. Við æfðum rýminguna tvisvar, annars vegar þegar allir nemendur voru í sínum stofum og fóru út um þann útgang sem næstur var, þ.e. yngri nemendur

komust út um aðalinngang en eldri nemendur sem eru á efri hæðinni æfðu sig að fara niður brunastigann á svölunum. Sú rýming gekk fumlaut á vel innan við tveimur mínútum. Seinni rýmingin var æfð þannig að öll vorum við stödd á efri hæðinni og engin leið önnur en fara öll um brunastigann. Sú rýming reyndi meira á en öll fórum við niður að lokum með hvatningu og aðstoð.



Árlega halda fámennu skólarnir á Norðanverðum Vestfjörðum sameiginlega íþróttahátíð fyrir nemendur 1. – 7. bekkjar og var hún haldin hjá okkur fimmtudaginn 16. maí. Við ákváðum að hafa hátíðina í anda fjölgreindarleika þar sem reyndi á hina ýmsu hæfni. Fjölgreindirnar eru að minnsta kosti átta; málgreind, tónlistargreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Stillt var upp á sjö stöðvum og var þar meðal annars æfð samvinna, snerpa og samhæfing, kubb, golf, myndlist og ritun og má segja að komið

hafi verið inn á flestar fjölgreindanna með einhverjum hætti. Það voru yfir 70 nemendur úr 1. - 7. bekk á Þingeyri, Suðureyri, Súðavík og Flateyri sem tóku þátt í leikunum og einnig voru fjórir nemendur úr 8. bekk með en þau sáu um að taka á móti hópunum á stöðvum. Eftir að fara á allar stöðvarnar fóru svo öll saman í sund og að lokum var boðið upp á grillaðar pylsur áður en gestirnir héldu heim á leið.

Dagurinn tókst ljómandi vel.

Ýmislegt var gert á vordögum og var vægi útivistar og hreyfingar mikið.

Íþróttakennsla fór fram utandyra við allskonar leiki og æfingar. Við gengum upp á A-ið vikulega til að fylgjast með breytingum í

umhverfinu. Farið var í sveitaferð en það gerum við á hverju vori. Í þetta skipti var farið í heimsókn á Vaðla þar sem við fengum fræðslu um kúabúskap og í Tröð þar sem við fræddumst um

sauðfjárbúskap og skógrækt. Við tókum alltaf að minnsta kosti einn dag í að hreinsa upp í umhverfinu. Að þessu sinni löbбуðum við fjöruna við Flateyri og tíndum upp rusl. Þegar komið var í skólann á ný var afraksturinn vigtaður og voru það 8 kg og innihélt mikið af sígarettustubbum og plasti. Vorferðin okkar er alltaf sett upp sem óvissuferð og að þess sinni nýttum við ýmsa afþreyingu á Ísafirði. Við byrjuðum á því að fara og heimsækja Klifurfélag Vestfjarða og fengum þar góða leiðbeiningar um klifur. Síðan var farið á golfvöllinn og æft á þúttvellingum og æfingasvæði fyrir lengri högg. Að lokum var farið að strandblakvellingum þar sem var leikið og grillað.

Skólaslit fóru fram í sal skólans föstudaginn 31. maí 2024. Þetta voru 121. skólaslitin og fóru fram með hátíðlegum hætti. Boðið var upp á veitingar í tilefni dagsins.

Kennsla og skipulag bekkjardeilda

Nemendum skólans er kennt í tveimur hópum, yngsta stig og mið- og unglíngastig. Allir nemendur eru saman í íþróttum öðrum en sundi, seinni hluta vetrar var hópurinn samneinaður í sundtímum með tveimur kennurum. Kennarar vinna í teymi að ýmsum verkefnum og með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Yngsta stig



Á yngsta stigi voru 6 nemendur í upphafi skólaárs en fækkaði um einn um áramót. Einn nemandi var í 1. bekk, í 2. bekk voru fjórir nemendur og einn í 3. bekk. Umsjónarkennari yngsta stigs var Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir. Auk hennar kenndu Viktor Páll Magnússon, og Sunna Reynisdóttir. Mekkín Guðmundsdóttir var stuðningsfulltrúi frá upphafi skólaárs og út október.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni:

Íslenska

Samkensla í íslensku og lögð áhersla á stafainnlögn, ritun, tjáningu, lestur og orðaforða. Íslenskan var að hluta samþætt öðrum námsgreinum. Áhersla lögð á lestrargleði og lestrarátök reglulega yfir veturinn. Allir morgnar hefjast á yndislestri og kennari hlustar á nemendur lesa. Unnið var með helstu atriði íslenskunnar svo sem sérhljóða, nafnorð, stafrófsröð, stóra stafi og litla stafi, eintölu og fleirtölu og lesskilning. Einnig var farið í verkefni í tengslum við aukinn orðaforða nemenda með því að vinna með orð sem tengdust þeim verkefnum sem unnið var með. Orðin voru sett upp á vegg þannig að þau voru sýnileg nemendum. Nemendur hvattir til að finna safarík orð og skrifuð á töfluna sem og þau orð sem upp komu í bekknum (þ.e. orð sem nemendur skildu ekki en voru algeng).

Stærðfræði

Nemendur unnu með aldursmiðað efni, það er stuðst var við þær bækur sem stílað er inn á fyrir hvern árgang og notast var við Sprota 1a og b, 2a og b, 3a og b. Einnig var annað efni notað þegar ástæða þótti til. Mikið um hlutbundna vinnu og einnig var stærðfræði samþætt öðrum námsgreinum. Stærðfræðileikur á mms.is voru einnig nýttir til þess að hafa sem mesta fjölbreytni. Einnig var farið yfir þann orðaforða sem tengist stærðfræði svo sem fleiri, færri, stærri, minni, jafnt og, samlagning og frádráttur.

Lífsleikni

Við unnum með Uppbyggingarstefnuna en þar var farið yfir þarfirnar og hlutverk nemenda og kennara. Bekkjarsáttmáli var gerður og bekkjarfundir haldnir. Unnið með styrkleika. Unnið var með samskipti og samvinnu í gegnum allskonar verkefni og spil.

Samfélagsfræði

Samþætt með öðrum námsgreinum. Viðfangsefnin voru : Örnefni, Þorrinn og fleiri hefðir og hátíðir, umhverfisvika og Þátttaka í Barnamenningarhátíð Vestfjarða á haust og vorönn. Nemendaping.

Náttúrufræði

Samþætt öðrum námsgreinum. Viðfangsefnin voru: Lífríki Önundarfjarðar - fiskar - trjágróður - plöntur - smádýr - dýrin - veður – árstíðarbreytingar í umhverfinu

Spjaldtölva var notuð óspart bæði við skráningar og upplýsingaöflun.

Íþróttir

Í íþróttum var lögð áhersla á samvinnu og liðsanda, samkennd, samskipti og aga. Mikið var unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa. Farið var í þol og styrktarþjálfun og grunnhreyfifærni og nemendur kynntir fyrir ýmsum ólíkum íþróttum og leikjum.

Upplýsingatækni

Nemendur eru allir með sinn eigin google og microsoft aðgang. Spjaldtölva var notuð við ritun, skráningu, upplýsingaöflun, stuttmyndagerð og kennsluöpp tengt hinum ýmsu námsgreinum.

Miðstig og unglingsstig

Í hópnum voru 5 nemendur. Einn var í 4. bekk, einn í 5. bekk, tveir í 7. bekk og einn í 8. bekk.

Umsjónarkennari miðstigs var Sigríður Anna Emilsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Viktor Páll Magnússon, Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir og Sunna Reynisdóttir.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni:

Íslenska

Allir morgnar hófust á yndislestri. Upphátt og í hljóði, paralestur og mínútulestur. Kennari hlustaði á lestur nemenda flesta daga. Unnið var með lestrarbækur á fjölbreyttan hátt, þær voru m.a. notaðar til að finna safarík orð í texta, orðflokkar greindir og einnig voru þær notaðar sem hjálpargögn við ritun. Mikið var unnið með fjölbreytta ritun, sögugerð, handrit, bréf og fræðitexti. Notast var við lesskilningsbækurnar Smell auk ýmissa verkefna, m.a. af skólavefnum og 123skóli. Einnig var efni af Krakkarúv notað til þjálfunar. Unnið var með málfræði og stafsetningu sem hluti af öðrum verkefnum, sérstaklega ritun. Áhersla var lögð á fjölbreytt viðfangsefni og var íslenskan mikið samtvinnuð öðrum námsgreinum.

Stærðfræði

Grunnnámsefni voru kennslubækurnar Sproti og Stika auk annara verkefna. Áhersla var á að brjóta upp með fjölbreyttum aðferðum og leikjum. Ýmissa forrit í ipad voru nýtt. Kennsluefni frá Gauta Eiríkssyni var notað. Stærðfræðispil voru einnig notuð, sérstaklega í margföldun og deilingu. Útikennsla var notuð þegar átti við, sérstaklega í mælingum, tölfræði, rúmfræði og talnaskilning. Auk þess var rökhugsun eflað m.a. með ýmsum þrautum og skáktímum.

Náttúrufræði

Náttúrufræðin var samþætt öðrum námsgreinum. Unnið var með ýmis þemu. Viðfangsefnin voru: Mannlíkaminn, Frumur, lífríki Öfundarfjarðar-fiskar, plöntur og smádýr, himingeimurinn, dýrin, veður

Spjaldtölva var notuð óspart bæði við skráningar og upplýsingaöflun.

Samfélagsfræði

Samfélagsfræðin var samþætt með öðrum námsgreinum. Viðfangsefnin voru: Þátttaka í Barnameneingarhátíð Vestfjarða á haustönn og vorönn. Þar voru verkefni Krakkaveldið, Örnefnaverkefni og Hvers vegna búum við hér. Nemendaþing. Einnig var unnið með Þorrann og hefðir og leiki honum tengdum. Umhverfisvika.

Enska

Mikil áhersla var lögð á hlustun og tjáningu. Samskipti í enskutímum fóru því nær alfarið fram á ensku. Unnið var með námsefnið Portfolio, námsefni af skólavefnum, auk ýmissa annara verkefna sem voru útbúin af kennara eða fengin af netinu. Hlustað var á tónlist á ensku, horft á ýmis myndbönd og unnið með ritun.

Danska

Ein kennslustund var kennd á viku. Unnið var með grunnþættina hlustun, ritun og orðaforða á fjölbreyttan hátt. Danskt sjónvarpsefni, myndir, spil og fleira var nýtt við kennsluna.

Lífsleikni

Unnið var með Uppbyggingarstefnuna. Farið var yfir þarfinnar, hlutverk nemenda og kennara og gerður bekkjarsáttmáli. Bekkjarfundir voru haldnir. Farið var í námsefni tengt netöryggi. Spilatímar voru haldnir einu sinni í viku þar sem áhersla var lögð á jákvæð samskipti, samvinnu og þátttöku. Einnig voru hugleiðslu og jóгатímar fyrri hluta vetrar.

Íþróttir

Í íþróttum var lögð áhersla á samvinnu og liðsanda, samkennd, samskipti og aga. Mikið var unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa. Farið var í þol og styrktarþjálfun og grunnhreyfifærni og nemendur kynntir fyrir ýmsum ólíkum íþróttum og leikjum.

Upplýsingatækni

Allir nemendur hafa aðgang að bæði Chromebook tölvu og Ipad. Upplýsingatækni var samþætt öðrum námsgreinum. Áhersla var lögð á vélritun og unnið með rétta fingrasetningu. Í ýmsum fögum var unnið með upplýsingaöflun á netinu. Ýmis verkefni voru sett upp á rafrænu formi, bæði í tölvu og á netinu. Allir nemendur hafa Google og Microsoft aðgang.

Báðir hópar voru í heimilisfræði einu sinni í viku, 80 mínútur í senn, til skiptis í útielhdúsi eða inni í eldhúsi. Allir nemendur vor með 80 mínútna smíðatíma í viku. Ýmist voru gerð einstaklingsverkefni eða samvinnuverkefni og má þar nefna spil og leiki sem nýttist skólanum. Yngra stigið var í textílmenn einu

sinni í viku seinni hluta vetrar og eldri hópurinn með 80 mínútur á viku sem skipt var á milli textílmenntar og myndmenntar . Að öðru leyti voru verklegar greinar samþættar öðrum námsgreinum. Einn nemandi var á unglíngastigi og stundaði hann nám sitt í Grunnskóla Ísafjarðar einn dag í viku og fór auk þess einu sinni í viku í valtíma á Ísafirði.

Í þessari samantekt langar mig að segja frá öllu því fjölbreytta og frábæra starfi sem fram fer í skólanum en auðvitað verður einhversstaðar að nema staðar. Vil ég benda á að skólinn eru með heimasíðuna <http://gron.isafjordur.is> og eru þar settar inn fréttir og viðburðir tilkynntir. Einnig er skólinn með facebook síðu þar sem hægt er að deila fréttum af heimasíðunni og hefur það gefist vel til að vekja athygli á þeim.

Upplýsingakerfið mentor er notað fyrir samskipti heimilis og skóla í grunnskólanum. Foreldrar fá senda linka á google myndasöfn þar sem heilmikið fer inn af myndum úr skólasterfinu.

Í stjórn sameiginlegs foreldrafélags leik og grunnskóla eru: Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir, Eyvindur Atli Ásvaldsson, Gerður Ágústa Sigmundsdóttir og Steinunn G. Einarsdóttir. Foreldrafélagið er með hóp á facebook þar sem samskipti fara fram og upplýsingum frá skóla er miðlað. Í vinnslu er formleg stofnun félagsins með eigin kennitölu.

Í nemendaráði sátu allir nemendur mið- og unglíngastigs. Fundir voru haldnir eftir þörfum á bekkjarfundartíma sem var á stundaskrá.

Einn formlegur fundur var haldinn í skólaráði þetta skólaárið og var hann haldinn 6. júní. Umræðuefni var skóladagatal næsta skólaárs, fyrirkomulag kennslu/stundaskrár næsta skólaárs, skólanámskrá, seinkun skóladags hjá unglíngum í Grunnskóla Ísafjarðar og önnur mál. Undir öðrum málum kom fyrirspurn um hvort komið sé á dagskrá að mála húsið að utan. Í skólaráði sátu Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri, Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir og Sigríður Anna Emilsdóttir fulltrúar kennara, Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir og Sæbjörg Freyja Gísladóttir fulltrúar foreldra, Steinunn Ása Sigurðardóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins og Helga Lára Ndahafa Þorgilsdóttir fulltrúi nemenda.

Fundur um seinkun skóladags unglínga í G.Í var haldinn með mið- og unglíngastigi og var niðurstaða nemenda að þau vildu heldur hefja skóladag áfram kl: 8:10 en að fara að þeirri fyrirmynd. Sú niðurstaða fékkst einnig þegar sama mál var tekið fyrir á starfsmannafundi.

Hádegisverður nemenda er útbúinn í Gunnukaffi fimm daga vikunnar. Nemendur ganga eða hjóla í Gunnukaffi og borði matinn þar. Einn starfsmaður fylgir nemendum í mat og borðar með þeim.

Boðið var upp á ávaxtaáskrift í grunnskólanum og mælist það afar vel fyrir og voru margir nemendur í ávaxtaáskrift. Einnig var boðið upp á hafragraut nemendum að kostnaðarlausu og þiggja flestir nemendur grautinn.

Starfsmarkmið Grunnskóla Önundarfjarðar

Hvað gerðum við til að ná árangri skólaárið 2023-2024

Að efla áhuga og leikni í:

- Lestri (lesfimi og lesskilningi).

Við höfum bókasafnið sýnilegt og hjálpum nemendum að velja bækur eftir áhuga annars vegar og leikni hins vegar. Við bætum bókakost skólans stöðugt og fáum einnig lánaðar bækur frá bókasafninu á Ísafirði. Við nýtum lestur bæði til skemmtunar og þjálfunar. Við gerum umhverfið læsishvetjandi með sýnileika bóka og texta og höfum 100 algengustu orðin uppi á vegg og nýtum þau einnig í snjalltækjum. Við þjálfum nemendur með mínútulestri til að byggja upp sjónrænan orðaforða. Kennarar hlusta á lestur nemenda daglega. Mikil hvatning er til nemenda og foreldra um heimalestur. Við tökum sérstök lestrarátök og tileinkuðm lestrir heilan mánuð í nóvember og kölluðum hann Lesember. Við þjálfum lesskilning meðal annars með því að vinna með safarík orð sem nemendur finna sjálfir úr texta. Safarík orð geta til dæmis verið orð sem þykja áhugaverð, skrítn orð, hljómfögur orð, ný orð, orð sem geta haft fleiri en eina merkingu, samsett orð og fleira. Lesskilningur er einnig þjálfaður með endursögn nemenda og með því að tengja það sem lesið er við það sem nemendur þekkja, eigin reynsluheim. Við hvetjum nemendur til að sjá fyrir sér það sem er að gerast í sögunni og fáum þau til að skrifa um bækur sem þau hafa lesið.

- Stærðfræði

Við unnum mikið með hlutbundna vinnu, sérstaklega á yngra stiginu. Við tengjum stærðfræði við daglegt líf og umhverfið. Við grípum hvert tækifæri sem gefst til að tengja stærðfræði inn í umræður. Við erum með útinám tengt stærðfræði og nýtum spil og leiki. Námið er einstaklingsmiðað, nemendur vinna á sínum hraða og ef nemandi þarf að þjálfá leikni í einhverjum þætti þá fær hann tækifæri til þess.

Við nýttum ýmsar leiðir til að auka fjölbreytni og til að þjálfá einstök atriði og má þar nefna tölvuforrit, upplýsingatækni, Rasmus, myndbönd og skólavefurinn sem dæmi. Við vinnum einnig með hugtök í stærðfræðinni.

- Hreyfingu

Við hvetjum til útileikja. Við erum með útinám og má þar nefna íþróttatíma á haustin og vorin og vikulega tíma í útifærni. Við tengjum nám við leik og hreyfingu. Árlega er farið í haustgöngu. Skautasvellið við skólann var mikið nýtt í vetur. Daglega var gengið í mötuneytið í hádeginu, um 500 metrar hvor leið. Gengið var upp á A-ið vikulega í vor. Nokkrar göngferðir voru um eyrina í tengslum við verkefni skólans. Tvær skíðaferðir voru farnar í vetur, önnur á gönguskíði og hin á svigskíði.

- Ábyrgð á eigin námi

Við vinnum að innleiðingu leiðsagnarnáms sem miðar að því að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Námið er markmiðatengt og eru markmiðin gerð sýnileg svo nemendur viti alltaf að hvaða markmiði er verið að vinna. Fjölbreyttar leiðir eru farnar að sama markmiði. Nemendur fengu einnig tækifæri til að setja sér sín eigin markmið. Við unnum með sjálfsmat og jafningjamat í ákveðnum verkefnum.

Að stuðla að vellíðan nemenda.

Við erum með verkefni og kröfur við hæfi hvers nemanda. Við erum jákvæð og hvetjandi. Við sýnum hverjum nemanda að hann skiptir máli. Við nálgumst nemendur á þeirra forsendum og mætum þeim þar sem þeir eru staddir. Námsráðgjafi kemur í skólann einu sinni í mánuði. Nemendur geta fengið samtal við námsráðgjafa eða kennara. Foreldraviðtöl eru þrisvar yfir skólaárið.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og mikið um útinám og hreyfingu. Gönguskíði og skautar eru til fyrir alla nemendur. Við höfðum tvo skíðadaga, annan á gönguskíðum og hinn á svigskíðum. Gönguferðir upp A-ið einu sinni í viku á vordögum. Kynfræðsla og umræður eftir á var fyrir miðstig og unglíngastig. Við buðum upp á áhugamiðuð verkefni og studdum nemendur við vinnu að þeirra hugmynd.

Mat á hvernig tókst að vinna með starfsmarkmiðin:

Vel tókst til hjá öllum kennurum í lestri og má þar nefna að allir nemendur náðu að bæta árangur sinn milli lesferilsprófa. Orðaforðavinna var mikil og sýnileg um allan skólann. Ánægja og seigla í stærðfræðinni er einstaklingbundin og mjög mismunandi. Finna má leiðir til að ná betur til allra nemenda þar. Hreyfing er stór partur af starfi skólans og finnum við fyrir aukinni seiglu nemenda. Nemendur vilja almennt bæta árangur sinn í námi. Þeir fá þjálfun í að setja sér markmið og meta

árangur sinn. Allir vinna að því að fylgjast vel með líðan nemenda og mæta þörfum. Eitt lykilatriði að góðum námsárangri er góð líðan.

Það sem má bæta:

Auka enn á sýnileika markmiða og bæta enn frekar utanumhald niðurstaðna svo auðveldara sé að vinna út frá þeim. Við þurfum að leggja mikla áherslu á lesskilning og hafa mælanleg markmið og nýta hljóðbækur.

Vegna fámennis var Skólapúlsinn ekki nýttur sem matstæki þetta skólaár en gerð var könnun meðal nemenda sem tók á líðan, viðhorfi og áhuga á námi. Eitt af starfsmarkmiðunum skólans að stuðla að vellíðan barnanna í skólanum. Ýmislegt er gert til að stuðla að betri líðan nemenda. Má þar nefna bekkjarfundi og lífsleiknitíma sem nýttir hafa verið til að efla nemendur. Einnig höfum við tekið inn hugleiðslu og slökun sem mælist vel fyrir hjá nemendum.

Námsráðgjafi kemur til okkar einn dag í mánuði og er til taks fyrir þá sem þurfa á að halda, sér um ákveðna fræðslu og ræðir við nemendur og gerir meðal annars tengslakannanir með þeim. Einnig eiga nemendur greiðan aðgang að skólahjúkrunarfræðingi sem kemur reglulega. Greiðlega hefur gengið að fá þjónustu sérfræðinga ef þess hefur þurft með. Fjölbreyttar kennsluáðferðir hafa það einnig að markmiði að koma til móts við ólíka einstaklinga svo allir geti fundið sína styrkleika. Er þessi vinna yfirleitt metin með því að leggja Skólapúlsinn fyrir eldri nemendur en með einföldum könnunum hjá yngri. Þetta skólaár var Skólapúlsinn ekki nýttur vegna fámennis en lagðar fyrir kannanir. Notaður var kvarði frá 1-10 og má sjá nánari niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu.

Stefnur og áætlanir

Spjaldtölvur hafa fest sig í sessi hjá okkar og sama má segja um almenna tölvuvinnu með tilkomu Chromebook fartölva sem nemendur hafa til afnota. Bæði tölvur og Ipadar eru mikið notuð við námið.

Helstu áherslur við símenntunaráætlun skólaárið 2024-2025

Símenntunaráætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar skólaárið 2024-2025 tekur mið af stefnu skólanna og þeirra þróunarverkefna sem eru í gangi hverju sinni. Eftirfarandi verkefni verða í forgangi þegar kemur að símenntun á komandi skólaári:

- Leiðsagnarnám. Fræðsla og innleiðing.
- Geðheilbrigðisfræðsla.
- Skyndihjálp.
- Uppbyggingarstefnan. Viðhalda þekkingu starfsfólks.
- Byrjendalæsi.
- Heilsuefling starfsfólks.
- Námsmat
- Fjölmening í skólaumhverfi
- Útikennsla
- Farsældarlög

Á endurmenntunardögum 12.-14. ágúst 2024 er áætlað að bjóða upp á fræðslu um námsmat, útikennslu og fjölmeningu í skólaumhverfi. Gerð er krafa um að allir kennarar og stjórnendur mæti á námskeiðin.

Ákvörðun um námskeið eða fræðslufundi grunnskólanna byggir á stefnu skólanna, áherslum og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn gera skólastjóra grein fyrir þeim símenntunarpáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og bæta þekkingu sína. Skólastjóri greinir starfsmanni frá þeim markmiðum sem hann vill að starfsmaðurinn nái.

Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í fræðslu og námskeiðum. Starfsmenn skrá sjálfir menntun sína á þar til gert eyðublað og skila til skólastjóra að vori.

Skóla- og tómstundasvið skipuleggur einnig formlega og óformlega endurmenntun að hausti og af og til yfir skólaárið fyrir kennara og starfsmenn skólanna, ef þörf er á. Ákvörðun um námskeiðin er tekin í samstarfi við skólastjórnendur Ísafjarðarbæjar.

Starfsáætlun grunnskólans er skilað 15. september ár hvert og ný útgáfa birt á heimasíðu skólans.

Starfsmenn og skólaráð kom að endurskoðun. Skólanámskráin var endurskoðuð á síðasta skólaári og er á heimasíðu skólans.

Mikill samhugur er í starfsfólki grunnskólans og mikill vilji til að hlúa sem best að skólastarfinu. Mikil umræða um námsmarkmið og hæfniviðmið átti sér stað meðal starfsmanna á síðasta vetri og förum við inn í næsta vetur með fullt af hugmyndum um hvernig við getum náð sem bestum árangri. Mikil

áhersla var lögð á að ná tökum á að nota Mentor sem er kerfi til að halda utan um kennsluáætlanir og verkefni og meta þar jafnóðum hæfni og námsmarkmið nemenda og auðvelda þannig vinnu við mat við annarlok og lokamat. Erum við almennt komin vel á veg með notkun á mentor og höfum unnið með lotur í og tengt hæfniviðmið og verkefni við þær. Með þessu móti á vinna við að meta hæfniviðmið að verða auðveld og nemendur eiga að geta fylgst með og unnið að markmiðunum. Í mentor er einnig haldið utan um mætingu nemenda. Þetta skólaár unnum við meira með sjálfsmat og jafningjamat nemenda en áður. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut og leggja áherslu á að allt sé sýnilegt nemendum og foreldrum svo þeir geti auðveldlega fylgjast með framvindu námsins svo vinna við hæfniviðmiðin verði markvissari. Eitt af markmiðum okkar að bættum námsárangri er að nemdendur séu upplýsitir um kröfurnar sem eru gerðar til þeirra. Við höfum unnið að innleiðingu Leiðsagnarnáms ásamt hinum skólunum á norðanverðum Vestfjörðum undanfarin skólaár og erum komin vel á veg en munum vinna áfram til að ná að festa þetta sem best í sessi. Fjölbreyttir kennsluhættir og verkleg vinna hefur sett svip á skólalaldið síðustu vetur og eru slík vinnubrögð búin að festa sig í sessi í Grunnskóla Öfundarfjarðar.

Skipting nemenda

Í upphafi skólaárs voru nemendur grunnskólans 11. Samkennsla var í 1.-3. bekk en þar voru 6 nemendur, einn í fyrsta bekk, fjórir í 2. bekk og einn í 3. bekk. Einnig var samkennsla í 4. - 8. bekk en einn nemandi var í 4. bekk, einn í 5. bekk, tveir í 7. bekk, einn í 8. bekk. Fjórir tvítýngdir nemendur voru við skólann. Tíu nemendur luku skólaárinu. Nokkrir nemendur komu í tímabundið nám hjá okkur, einn til 5 daga hvert.

Allir nemendur 1.-3. bekkjar nýttu sér þjónustu dægradvalar þetta skólaár eða samtals 6 nemendur. Dægradvöl var starfrækt í grunnskólahúsinu.

Starfsmenn og stöðugildi

Í vetur var starfshlutfall kennara 2,35. Tveir kennarar voru í 100% starfi auk eins leiðbeinanda í 35% stafi. Skólaliði er í 62% starfi. Stuðningsfulltrúi í 62% starf var við skólann fyrstu mánuði skólaársins. Skólastjóri er einnig með kennsluskyldu og var með 9 kennslutundir festar í stundaskrá þetta skólaár auk þess að sinna forfallakennslu. Starfsemi dægradvalar fer fram í grunnskólahúsinu að loknum skóladegi og er starfsmaður þar í 35-40

Starfsmenn:

Agata Fortuna skólaliði í 62,5% starfi.

Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir umsjónarkennari í 100% starfi.

Jónína H. Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi í 5% starfshlutfalli.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri í 100% starfi.

Mekkín Guðmundsdóttir stuðningsfulltrúi 62% í starfi, fyrstu mánuði skólaársins.

Sigríður Anna Emilsdóttir umsjónarkennari í 100% starfi.

Viktor Páll Magnússon leiðbeinandi í 35% starfi og starfsmaður dægradvalar í 40% starfi.

Þór Pétursson skólahjúkrunarfræðingur.

Forföll starfsfólks

Í öllum tilfellum var hægt að verða við leyfisbeiðnum starfsfólks. Grunnskólakennarar hafa unnið upp í þær kennslustundir sem þeir hafa þurft leyfi frá. Það sem út af hefur staðið og ekki verið hægt að leysa þannig hefur verið greitt með yfirvinnu.

Upplýsingar um veikindi starfsmanna eru viðkvæmar persónuupplýsingar og í fámenni verða þær rekjanlegar og því ekki settar inn í þessa skýrslu en þær eru til skráðar í viðverukerfi Ísafjarðarbæjar.

Forföll nemenda

Vegna fámennis og rekjanleika verða nánari upplýsingar um ástundun nemenda ekki birtar í þessari skýrslu en þær eru til skráðar í kerfi skólans.

Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag

Starfstími grunnskóla er 36 vikur eða 180 nemendadagar þ.e. kennslu- og prófdagar nemenda og viðtalsdagar. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma skóla eru fimm. Starfsdagar utan skólatíma eru átta, fimm í upphafi skólaárs í ágúst og þrír í maí/júní og er það samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands. Á skólaárinu 2023-2024 fékk grunnskólinn úthlutað 76 stundum til að sinna bekkjarkennslu, sérkennslu, nýbúakennslu og skiptitímum. Úthlutunin miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá.

Grunnskólinn var opnaður kl. 07.55 á morgnana og hófst kennsla kl. 8:10. Allri kennslu var lokið í skólanum um kl. 14:40, misjafnt eftir aldri nemenda. Kennslutilhögun var þannig að skólaárið myndar eina heild án annaskiptingar. Námsmat fer fram jafnt og þétt en fundir með umsjónarkennurum voru í upphafi skólaárs, í október og í febrúar. Hæfnikort nemenda voru sýnileg foreldrum fyrir viðtal í október og síðan uppfærð. Nemendur í 1.-4. bekk fengu 30 kennslustundir á viku og nemendum í 5.-7. bekk 35 kennslustundir og unglingastig 37 kennslustundir.

Vetrarfrí Grunnskólans voru 20. og 23. október og 15. og 16. febrúar. Viðtalsdagar í grunnskólanum voru á skólasetningardegi, 21. ágúst, 11. október og 1. febrúar. Foreldrar voru þá boðaðir sérstaklega til viðtals við umsjónarkennara ásamt nemandanum. Nemendastýrð viðtöl eru í þróun hjá okkur. Tónlistarskólinn sá um kennslu á gítar í rúllandi stundaskrá tvisvar í viku. Námsráðgjafi er í 5% starfi og kemur einu sinni í mánuði til okkar. Skólahjúkrunarfræðingur kemur reglulega og er með fræðslu og eftirlit.

Samstarf leik og grunnskóla

Samstarf leikskólans Grænagarðs og Grunnskóla Öfundarfjarðar er í nokkuð föstum skorðum. Dægradvölin hefur verið starfrækt í grunnskólahúsnæðinu og gengur það fyrirkomulag mjög vel. Jólball hefur yfirleitt verið sameiginlegt var svo síðastliðinn vetur. Á vordögum fóru nemendur leik- og grunnskóla saman í Sólargöngu og borðuðu saman grillmat í lok dags. Einn nemandi var í skólahóp leikskólans þetta skólaárið og kom einu sinni í viku í grunnskólann og tók þátt í starfinum þar.

Sjálfsmat

Sjá í skýrslu um innra mat í Grunnskóla Öfundarfjarðar 2023-2024

Fjárhagsáætlun

Heildarniðurstaða Grunnskóla Öfundarfjarðar samkvæmt ársreikningi var 78.218.697 kr.

Heildarniðurstaða dægradvalar samkvæmt ársreikningi var -842.721 kr.

Nánari upplýsingar um fjárhagsáætlun má finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Framkvæmdir

Viðhald á húsinu að utan er . Allir gluggar voru málaðir að utan sumarið 2022 og sumarið 2023 var gert við múrskemmdir utan á húsinu og múrinn sílaborinn. Vinna við að mála húsið að utan stendur yfir. Einnig er þörf á að mála þak og skipta um þakrennur.

Að innanverðu þarf einnig að fara að huga að framkvæmdum. Þar má telja að enn hefur ekki verið lokið við málningarvinnu á ramma sem var sagaður þegar ný hurð út á leiksvæðið var sett. Verkmenntastofa á neðri hæð er illa farin og þarfnast endurnýjunar. Einnig er orðin þörf á að mála í starfsmannaaðstöðu á efri hæð; skrifstofu skólastjóra, kennaraherbergi, eldhúsi og holi. Laga þarf aðstöðu ræstingar á neðri hæð og huga að hvar hægt væri að koma fyrir þvottavél.

Á skólalóðinni eru flest leiktæki nýlega máluð en þarf að klára þau sem það á ekki við um. Göngustígar á leiksvæði eru ófrágengnir en þá átti að malbika þegar lóðin var tekin í gegn sumarið 2018. Aðstoð fékkst frá garðyrkjustjóra við að koma góðri mold í gróðurkassa á skólalóðinni svo þeir nýtist sem best

fyrir matjurtir en þeir eru samt ekki að nýtast sem skildi og þarf að halda áfram samstarfi við garðyrkjustjórnann til að koma fjölbreyttum og viðeigandi trjágróðri í stærri beð sem munu þá nýtast til náms og finna lausnir til að gróðurkassarnir nýtist skólanum og jafnvel í samvinnu við bæjarbúa.

Úttekt slökkviliðs er gerð árlega og hefur hún farið fram og slökkvitæki verið yfirfarin. Brunakerfi var yfirfarið í byrjun ágúst 2022 og neyðarlýsing löguð þar sem þurfti. Engin bónvinna var keypt þetta sumarið.

Aðkeypt þjónusta

Skólarnir fá sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Sviðið kaupir talmeinaþjónustu fyrir skólann í gegnum Tröppu sem sinnir þjónustunni í gegnum fjarfundarbúnað. Þjónustu annarra sérfræðinga er einnig auðsótt að fá sé þörf til staðar.

Þjónusta iðnaðarmanna hefur verið keypt í smærri verk. Skólinn kaupir túlkþjónustu eftir þörfum.

Hér lýkur þessari yfirferð um skólastarf á Flateyri skólaárið 2023- 2024.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri